



LISTAHÁSKÓLI ÍSLANDS
Iceland University of the Arts

Guðrún Á. Símonar

Salný Vala Óskarsdóttir

Lokaritgerð til Bmus-prófs
Listaháskóli Íslands

Tónlistardeild
Maí 2022

Guðrún Á. Símonar

Salný Vala Óskarsdóttir

Lokaritgerð til B.Mus-prófs í söng
Leiðbeinandi: Sigrún Danielsdóttir Flóvenz

Söngur
Tónlistardeild
Maí 2022

Ritgerð þessi er 6 eininga lokaritgerð til B.Mus-prófs á Tónlistarbraut.
Óheimilt að afrita ritgerðina á nokkurn hátt nema með leyfi höfundar.



LISTAHÁSKÓLI ÍSLANDS

Iceland University of the Arts

Útdráttur

Óperuflutningur á Íslandi hófst skömmu fyrir miðja tuttugustu öldina og var þá um að ræða erlenda listamenn, en fyrsta sýningin sem Íslendingar settu upp var Rigoletto eftir Verdi í Þjóðleikhúsinu árið 1951. Upp frá því sungu í óperusýningum hérlendis menntaðir íslenskir söngvarar sem höfðu lært óperusöng erlendis, komu hingað með nýtt listform sem Íslendingar höfðu lítt kynnst áður en hafði þó verið vinsælt síðan á 16. öld erlendis. Í hópi frumkvöðla í óperusöng hérlendis voru til að mynda Kristinn Hallsson, Þuríður Pálsdóttir, Guðmundur Jónsson og Magnús Jónsson. Guðrún Á. Símonar var einnig í þeim hópi og er hún umfjöllunarefni ritgerðarinnar. Í heimildarleit var stuðst við bókina *Eins og ég er klædd*, blaða- tímaritsgreinar á timarit.is sem og íslenskar bloggsíður um tónlist. Guðrún Á. Símonar fæddist í Reykjavík árið 1924. Hún hóf söngnám sitt hjá Sigurði Birkis, söngmálastjóra Þjóðkirkjunnar en hélt síðan út í framhaldsnám í London í Royal Academy of Music, þaðan lá leiðin í söngnám á Ítalíu þar sem hún lærði hjá frægri ítalskri óperusöngkonu, Carmen Melis. Guðrún fór í tónleikaferðalög hérlendis og erlendis. Hún átti farsælan feril sem óperusöngkona á Íslandi, söng mörg óperuhlutverk í Þjóðleikhúsinu. Hún bjó um árabíl í Bandaríkjunum en söng lítið á þeim tíma. Eftir heimkomu frá Bandaríkjunum tók tíma að endurheimta fyrri stall og óperuhlutverkin urðu ekki mikið fleiri. Hún var meðal fyrstu söngkennara í Söngskólanum í Reykjavík og kenndi þar um árabíl. Hún hafði mikinn áhuga á köttum, seldi, ræktaði og sýndi þá. Þegar mest var átti hún á bilinu fjörutíu til fimmtíu ketti og tvo hunda. Hún var þekkt fyrir að vera lífleg og áberandi kona og var þekkt fyrir að liggja ekki á skoðunum sínum.

Efnisyfirlit

Inngangur	1
Uppvaxtarár	2
Guðrún uppgötvar söngroddina	3
Guðrún hefur söngnám	5
Fyrstu tónleikarnir.....	5
Guðrún heldur út til náms	7
Fyrri hluti söngferils	9
Seinni hluti söngferils	12
Seinni ár	15
Niðurlag	16
Heimildaskrá	17

Inngangur

Almennt er talið að fyrsti óperuflutningurinn á heimsvísu hafi verið Orfeo eftir Monteverdi, flutt á Ítalíu árið 1607. Íslendingar voru talsvert seinni til, óperan Rigoletto eftir Verdi var sett upp í Þjóðleikhúsinu árið 1951. Áður höfðu farandsýningar verið settar upp héraðs, fyrst í Íðró árið 1937, gamanóperan Systurnar frá Prag eftir Wenzel Müller. Mikla þekkingu þarf til að setja á svið óperu, sömuleiðis liggur mikið nám og þjálfun að baki hjá þeim söngvurum sem ná á óperusviðið. Mér hefur lengi þótt gaman að hlusta á upptökur af íslenskum söngvurum, til dæmis Þuríði Pálsdóttur, Guðrínu Á. Símonar, Guðmundi Jónssyni og Kristni Hallssyni, öll eiga þau það sameiginlegt að vera frumkvöðlar í óperusöng á Íslandi. Einnig þótti mér áhugavert að vita hverjar aðstæður söngvara voru um miðja tuttugustu öld á Íslandi og vita hvernig þetta var hjá fyrstu nafnkunnu óperusöngvurunum. Voru hér einhverjir söngkennarar eða söngskólar? Var næg þekking svo hægt væri að læra að verða óperusöngvari alfarið á Íslandi? Í því skyni að leita svara við þessum spurningum skoðaði ég ævisögu Guðrúnar Á. Símonar og kannaði hvernig hún haslaði sér völl, mér þótti hún forvitnileg og skrautleg kona. Í vinnslu ritgerðarinnar vöknudú allskonar spurningar og vangaveltur. Það mætti færa rök fyrir því að heimildirnar séu einhæfar; sjálfsævisaga, viðtöl við Guðrínu og umfjallanir í blöðum og tímaritum um vel heppnaða tónleika, fjölda blómvanda og hvað annað. Persóna Guðrúnar finnst mér þó koma sterkt í gegn í viðtölum og í bókinni *Eins og ég er klædd*, hún var þekkt fyrir að vera litrík og sterk persóna. Ég notaði því reglulega beinar tilvitnanir og fannst þannig persónuleiki hennar skína sterkar í gegn, hún var ekkert að skafa utan af hlutunum. Það hefði án efa gefið ritgerðinni meiri dýpt að taka viðtal við einhvern sem þekkti Guðrínu til að fá skýrari mynd af henni, hennar söngferli og fá mögulega annað sjónarhorn, en það hefði verið efni í miklu stærri rannsókn. Tíðarandinn var líka annar og eftirvæntingin var meiri fyrir tónleikum og öðrum viðburðum, minna var um uppákomur og afþreyingu, það varpar mögulega ljósi á það af hverju var hægt að fylla sali mörgum sinnum.

Uppvaxtarár

Guðrún Ágústa Símonardóttir fæddist í febrúar árið 1924 í Reykjavík.¹ Hún bjó í Skuggahverfinu, á Lindargötu 8 til fjögurra ára aldurs. Í framhaldinu flutti fjölskyldan suður í Skerjafjörð og síðan vestur á Holtsgötu 12.² Hún byrjaði snemma að semja og spila á píanóið eftir eyranu. Hún lærði einnig á píanó.³ Þegar hún var í barnaskóla átti hún sér draum um að verða hattasamakona, hún var alltaf hrifin af höttum.⁴ Söngáhuginn kom ekki fram á yngri árum og sagði hún í viðtali við *Víkuna* árið 1965 „Mér leiddist söngur, hreint og beint leiddist hann. Ég nennti aldrei í neina kóra og hafði alls enga hugmynd um, að ég hefði nokkra rödd”.⁵ Það var þó söngur á heimilinu hennar.⁶ Foreldrar hennar voru Steinþóra Ágústa Pálsdóttir (1895-1978) og Símon Johnsen Þórðarson (1888-1934) en móðir Guðrúnar var þekkt söngkona og kom reglulega fram í Reykjavík.⁷ Móðir Guðrúnar hafði sungið frá unglingsárum, var í kórum og söng á stúkuskemmtunum.⁸ Faðir Guðrúnar söng einnig mikið og var lögfræðingur að mennt.⁹ Hann var tenór, söng bæði sem einsöngvari og í Karlakór K.F.U.M., sem síðar hét Fóstbræður. Guðrún segir í bókinni *Eins og ég er klædd* að það hafi þó ekki verið mikið um söng á heimilinu sjálfu þó þau hafi bæði verið mikið söngfólk, faðir hennar var nefnilega mikill sjúklingur, alveg frá því að hún mundi eftir sér.¹⁰ Hann var veikur í mörg ár og hún var aðeins 10 ára gömul þegar hann dó.¹¹ Þegar Guðrún hafði lokið barnaskóla fór hún í Ingimarsskóla, þangað fóru börn þeirra sem ekki voru vel efnaðir þar sem skólavistin var gjaldfrjáls.¹² Þegar þarna er komið við sögu var móðir hennar orðin ekkja og fjárhagurinn ekki góður á heimilinu. Guðrún var ekki lengi í gagnfræðiskólanum þar sem þau systkinin þurftu öll að vinna. Hana langaði að halda áfram í náminu en móðir hennar hafði ekki tók á því að styðja hana fjárhaglega, það varð því ekkert meira úr gagnfræðiskólanámi hennar.¹³ Hún fór því að vinna í Tóbaksverzlun ríkisins, þegar leið á

¹ Helgi Jónsson, „Guðrún Á. Símonar (1924–88).” *Glatkistan* (blogg), 10. júní 2020, <https://glatkistan.com/2020/06/10/gudrun-a-simonar/>.

² Gunnar M. Magnússon, *Guðrún Á. Símonar: Eins og ég er klædd* (Akureyri: Bókarforlag Odds Björnssonar, 1973), 3.

³ Gunnar M. Magnússon, *Guðrún Á. Símonar: Eins og ég er klædd*, 11.

⁴ Gunnar M. Magnússon, *Guðrún Á. Símonar: Eins og ég er klædd*, 24.

⁵ Guðrún Egilsson, „Minnstæðast þegar hún söng fyrir fangana.” *Vikan* 27. árgangur, 37. tölublað (1965): 4.

⁶ Gunnar M. Magnússon, *Guðrún Á. Símonar: Eins og ég er klædd*, 23.

⁷ Höfundur óþekktur, „Guðrún Á. Símonar.” *Merkir Íslendingar*, Morgunblaðið, 23. febrúar 2013, <http://www.mbl.is/greinasafn/grein/1456189>.

⁸ Gunnar M. Magnússon, *Guðrún Á. Símonar: Eins og ég er klædd*, 23.

⁹ Höfundur óþekktur, „Guðrún Á. Símonar.” 23. febrúar 2013.

¹⁰ Gunnar M. Magnússon, *Guðrún Á. Símonar: Eins og ég er klædd*, 23.

¹¹ Gunnar M. Magnússon, *Guðrún Á. Símonar: Eins og ég er klædd*, 24.

¹² Gunnar M. Magnússon, *Guðrún Á. Símonar: Eins og ég er klædd*, 24.

¹³ Gunnar M. Magnússon, *Guðrún Á. Símonar: Eins og ég er klædd*, 28.

sumarið fór hún að finna fyrir vanlíðan, síðar kom í ljós að hún var með væga tóbakseitrun. Hún þurfti því að hætta í Tóbaksverzlun ríkisins en þurfti enn að afla tekna.¹⁴ Í framhaldinu fékk hún vinnu hjá O. Johnson & Kaaber þar sem hún vann sem símastúlka, þá á sautjándá ári.¹⁵ O. Johnson & Kaaber er fyrsta íslenska heildsalan, sem á þessum tíma flutti inn matvöru, seldi tryggingar og framleiddi kaffi og kaffibæti.¹⁶ Þar vann Guðrún í þrjú ár frá sautján til tuttugu ára aldurs.

Guðrún uppgötvar söngroddina

Þegar Guðrún var fimmtán ára uppgötvaði hún fyrst að hún hefði söngrodd, þá höfðu verið fjarlægðir úr henni hálskirtalarnir.¹⁷ Eftir aðgerðina fannst henni röddin breytast, hún fór að finna að hún gat sungið. Hún segir í bókinni *Eins og ég er klædd*:

Ég kunní mikið af lögum og var ekkert að draga mig í hlé, þegar ég var með vinkonum mínum eða heima. En söngurinn var þá meira fyrir mér sem hljóð, heldur en það væri það, sem þrýsti á. Svo þróaðist þetta fljótlega, - ég vildi verða söngkona, ekkert annað.¹⁸

Móðir Guðrúnar vissi að hún var spennt fyrir söngnum, mest vildi hún þó komast í kynni við Bjarna Böðvarsson, sem þá stjórnaði vinsælustu danshljómsveitinni, Hljómsveit Bjarna Böðvarssonar. Móðir hennar kynnti þau, hann veitti henni áheyrn og úr varð að hún var ráðin sem söngkona með hljómsveitinni.¹⁹ Hljómsveit Bjarna Böðvarssonar var áberandi á fyrri hluta síðustu aldar. Bjarni var fremstur í flokki að kynna tónlist í Ríkisútvarpinu sem þá var nýstofnuð og var einn þeirra sem hafði frumkvæði að stofnun Félags íslenskra hljómlistarmanna.²⁰ Sá draumur Guðrúnar rættist og hún söng með hljómsveitinni öðru hverju til tvítugsaldurs. Upp úr því fór hún virkilega að hugsa um það að hana langaði að komast lengra á þessari braut.²¹ Hún söng í fyrsta skipti opinberlega með danshljómsveit Bjarna Böðvarssonar 9. nóvember 1941, í framhaldinu sá hún í fyrsta skipti nafn sitt á prenti

¹⁴ Gunnar M. Magnússon, *Guðrún Á. Símonar: Eins og ég er klædd*, 25.

¹⁵ Gunnar M. Magnússon, *Guðrún Á. Símonar: Eins og ég er klædd*, 27.

¹⁶ „ÓJ&K.” Ó. Johnson & Kaaber, sótt 5. apríl 2022, <http://ojk.is/um-okkur/sagan/>.

¹⁷ Hanna Bjarnadóttir, „Ungar íslenskar óperusöngkonur.” 27.

¹⁸ Gunnar M. Magnússon, *Guðrún Á. Símonar: Eins og ég er klædd*, 30.

¹⁹ Guðrún Egilsson, „Minnistæðast þegar hún söng fyrir fangana.” 4.

²⁰ Helgi Jónsson, „Bjarni Böðvarsson (1900-55).” *Glatkistan* (blogg), 28. ágúst 2018, <https://www.glatkistan.com/2018/08/28/bjarni-bodvarsson/>.

²¹ Hanna Bjarnadóttir, „Ungar íslenskar óperusöngkonur.” *Rit kvenréttindafélags Íslands* 18. árgangur (1951): 27.

og fyrsta mynd af henni birtist í blaði, það var í *Útvarpstíðindum*.²² *Útvarpstíðindi* var tímarit sem var sett á laggirnar árið 1938, nokkrum árum eftir að Ríkisútvarpið hóf starfsemi sína. Þar birtust fjöldi greina og viðtala. Markmið tímaritsins var að fjalla um tónlist og kynna dagskrá Ríkisútvarpsins. Það var gefið út frá 1938 fram til um 1950.²³ Þegar hún söng með danshljómsveitinni þurfti Bjarni Böðvarsson að kenna henni lögin þar sem hún las ekki nótur.²⁴ Upp úr þessu fékk hún metnað til að verða klassísk söngkona²⁵ og fór til Sigurðar Birkis söngmálastjóra Þjóðkirkjunnar.²⁶ Sigurður sinnti því starfi frá 1941 – 1960 og var því æðsti maður söngmála á Íslandi. Hann lærði söng við Konunglega tónlistarháskólann í Kaupmannahöfn, fyrstur Íslendinga auk þess að læra lítillaga í Þýskalandi og á Ítalíu. Sigurður var áhrifamikill á sínum tíma, var vinsæll söngkennari og kenndi söng um allt land. Hann stofnaði einnig fjölda kóra í starfstíð sinni sem söngmálastjóri Þjóðkirkjunnar.²⁷ Hann kynnti Guðrúnu fyrir sígildri tónlist, ásamt Fritz Weishappel píanóleikara, en Guðrún sagði í viðtali við *Rit Kvennréttindafélag Íslands* árið 1968 að Fritz ætti engan sinn líkan í að aðstoða unga og óreynda söngvara.²⁸ Fritz Weishappel var Austurríkismaður og kom fyrst til Íslands níttján ára gamall til að flytja tónlist fyrir gesti á Hótel Íslandi, þetta átti að vera stutt ferð en úr varð að hann ílengdist hér á landi. Hann giftist íslenskri konu og bjó á Íslandi til æviloka. Hann var píanó- og sellóleikari og varð fljótt vinsælasti meðleikari íslenskra einsöngvara og kóra. Hann starfaði lengi fyrir Ríkisútvarpið sem píanóleikari og var einnig framkvæmdastjóri Sinfóníuhljómsveitar Íslands, hann var einn þeirra erlendu tónlistarmanna sem komu og lífðu uppá tónlistarlíf Íslendinga.²⁹ Sigurður og Fritz vildu að Guðrún hætti dægurlagasöng og færði sig yfir í klassískan söng.³⁰

²² Gunnar M. Magnússon, *Guðrún Á. Símonar: Eins og ég er klædd*, 31.

²³ Bjarki Sveinbjörnsson, „Tímaritið *Útvarpstíðindi*.” *Musik* (blogg), 1. desember 1998, <https://www.musik.is/BjarkiSve/Phd/Sidur/61-74.html>.

²⁴ Gunnar M. Magnússon, *Guðrún Á. Símonar: Eins og ég er klædd*, 31.

²⁵ Bergþóra Jónsdóttir, „Blómum rigndi.” *Morgunblaðið*, 2. nóvember 2003.

²⁶ Hanna Bjarnadóttir, „Ungar íslenskar óperusöngkonur.” 27.

²⁷ Helgi Jónsson, „Sigurður Birkis (1893-1960).” *Glatkistan* (blogg), 22. september 2021, <https://glatkistan.com/2021/09/22/sigurdur-birkis/>.

²⁸ Hanna Bjarnadóttir, „Ungar íslenskar óperusöngkonur.” 27.

²⁹ Helgi Jónsson, „Fritz Weishappel (1908-64).” *Glatkistan* (blogg), 17. mars 2021, <https://glatkistan.com/2021/03/17/fritz-weishappel/>.

³⁰ Gunnar M. Magnússon, *Guðrún Á. Símonar: Eins og ég er klædd*, 47.

Guðrún hefur söngnám

Þegar Guðrún byrjaði að vinna hjá O. Johnson & Kaaber fékk hún eitt hundrað krónur á mánuði í laun en var komin upp í eitt hundrað sjötíu og fimm krónur. Eftir að hún fór að syngja, skipti hún laununum sínum með móður sinni þannig að móðir hennar fékk hundrað krónur en hún sjötíu og fimm krónur til þess að geta farið í söngtíma. Þarna hafði einnig orðið sú breyting á heimilinu að móðir hennar hafði gifst Ludvig C. Magnússyni skrifstofustjóra. Hann vildi strax styðja Guðrúnu í því að læra söng.³¹ Hún sagði í viðtali við *Rit Kvenréttindafélags Íslands* að stjúpfadir hennar hafi verið hennar stoð og stytta, og sagði sig eiga honum allt að þakka að hún hélt áfram í söngnum.³² Í framhaldinu fór Ludvig að vinna í því að mynda stuðningsnet í kringum hana, til þess að hún gæti haldið áfram í söngnámi með það að leiðarljósi að hún myndi seinna meir halda erlendis til áframhaldandi náms. Hún sagði í viðtali við *Vikuna* árið 1965 „Ég hefði ekki haft efni á því að fara út á þessa braut ef ég hefði ekki notið stuðnings og skilnings stjúpföður míns.“³³ Hann lagði sig fram við það að safna pening til að styðja hana til áframhaldandi náms. Ýmsir vinir og kunningjar lögðu fram styrkupp hæðir til að aðstoða hana. Guðrún hætti að vinna hjá O. Johnson & Kaaber og fór að helga tímanum sínum söngnum, hún sótti reglulega tíma hjá Sigurði Birkis og æfði sig auk þess heima.³⁴

Fyrstu tónleikarnir

Þegar Guðrún hafði verið í rúmt eitt ár í söngtímum hjá Sigurði Birkis vildi fósturfaðir hennar, Ludvig að hún héldi opinbera tónleika í fjáröflunarskyni. Ludvig nefndi hugmyndina við Sigurð Birkis til að athuga hvort þetta væri mögulegt til þess að Guðrún gæti fengið einhvern pening. Sigurði leist ekki vel á þetta þar sem að Guðrún kynni ekki mikið eftir stuttan tíma af raddþjálfun. En stjúpfadir Guðrúnar lét það ekki aftra sér og vildi að hún héldi tónleika sama hvernig færi. Umræðan hélt áfram hvað tónleikana varðar, þá kom Fritz Weisshappel til sögunnar. Hann fór að æfa með henni og kenndi henni lögin þar sem hún var enn ekki farin að lesa nótur. Þau æfðu mikið saman og settu saman tónleikadagskrá og

³¹ Gunnar M. Magnússon, *Guðrún Á. Simonar: Eins og ég er klædd*, 33.

³² Hanna Bjarnadóttir, „Ungar íslenskar óperusöngkonur.“ 30.

³³ Guðrún Egilsson, „Minnistæðast þegar hún söng fyrir fangana.“ 4.

³⁴ Gunnar M. Magnússon, *Guðrún Á. Simonar: Eins og ég er klædd*, 34.

fyrstu tónleikar Guðrúnar voru ákveðnar. Guðrún segir frá því að hún hafi verið létt í lungum og ánægð með sig, það hafi líklegast bjargað henni þar sem kunnáttan var ekki enn fyrir hendi. Guðrún lagði í metnaðarfulla efnisskrá fyrir fyrstu tónleikana sína, hugsaði ekki um erfiðleikastig tónlistarinnar, hana langaði bara að syngja.³⁵ Um efnisskrána sagði hún: „Til dæmis söng ég ariur úr La Bohème og Madame Butterfly og var ekki vitund taugaóstyrk. Það er svona þegar fólk hefur ekkert lært, finnst því það geta allt.“³⁶ Tónleikarnir voru haldnir í Gamla bíói þann 20. mars árið 1945, Guðrún var þá tuttugu og eins árs.³⁷ Það birtust greinar og frásagnir í blöðunum í aðdraganda tónleikanna um unga og efnilega söngkonu og væntanlegan söng hennar. Það var greinilegt í þeim frásögnum að tilhlökkun var fyrir tónleikunum. Miðar á fyrstu tónleika Guðrúnar ruku út á svipstundu og komust færri að en vildu, það var orðið uppselt fjórum dögum fyrir tónleika.³⁸ Með henni á tónleikunum voru Fritz Weisshappel við flygilinn, Þórhallur Árnason á selló og Þórarinn Guðmundsson lék á fiðlu. Efnisskráin var metnaðarfull, hún samanstóð af ellefu söngatriðum, íslenskum sönglögum, erlendum ljóðum og óperuaríum.³⁹ Viðbrögðin við tónleikunum stóðu ekki á sér, strax eftir fyrstu lotuna, jafnvel eftir fyrsta lagið, mátti segja að hún hafi „komið, séð og sigrað“. Þegar hún kom af sviðinu í fyrsta hléi, var hún með fangið fullt af blómum og fagnaðaraldan fylgdi henni.⁴⁰ Hún hélt síðan aðra tónleika í Gamla bíói tveimur dögum seinna, þann 22. mars og var tekið alveg eins vel og á fyrri tónleikunum, jafnvel betur. Í blöðunum birtust dómar og umfjallanir um vel lukkaða tónleika⁴¹. Tónleikarnir enduðu þó á því að vera hvorki meira né minna en fimm talsins í Gamla bíói, fimmtu og síðustu tónleikarnir voru 5. apríl 1945. Tónleikaröðin var hugsuð sem fjáröflun fyrir áframhaldandi nám hennar⁴² en varð án efa vendipunktur í lífi Guðrúnar og tekjurnar sem komu inn af tónleikunum dugðu til að koma henni til London. Í framhaldinu söng Guðrún einsöng á fimm tónleikum í apríl sama ár með Karlakór Reykjavíkur í Fríkirkjunni.⁴³ Auk þess að hafa sungið nokkra tónleika með Karlakór Reykjavíkur í Fríkirkjunni söng hún einnig tónleika úti á landi við góðar viðtökur áhorfenda, alls hafði hún þá sungið á fimmtán

³⁵ Gunnar M. Magnússon, *Guðrún Á. Simonar: Eins og ég er klædd*, 34.

³⁶ Guðrún Egilsson, „Minnistæðast þegar hún söng fyrir fangana.“ 4.

³⁷ Bergþóra Jónsdóttir, „Blómum rigndi.“ 2. nóvember 2003.

³⁸ Pétur Sigurðsson, „Söngkonan Guðrún Á. Simonar.“ *Eining* 6. árgangur, 11. tölublað (1948): 2.

³⁹ Gunnar M. Magnússon, *Guðrún Á. Simonar: Eins og ég er klædd*, 39.

⁴⁰ Gunnar M. Magnússon, *Guðrún Á. Simonar: Eins og ég er klædd*, 40.

⁴¹ Pétur Sigurðsson, „Söngkonan Guðrún Á. Simonar.“ 2.

⁴² Bergþóra Jónsdóttir, „Blómum rigndi.“ 2. nóvember 2003.

⁴³ Pétur Sigurðsson, „Söngkonan Guðrún Á. Simonar.“ 2.

tónleikum og því aflað sér nokkurrar reynslu þegar hún hélt til áframhaldandi náms í London.⁴⁴

Guðrún heldur út til náms

Þann 10. október efndi hún til kveðjutónleika í Gamla bíói með aðstoð Karla-kórs Reykjavíkur undir stjórn Sigurðar Þórðarssonar.⁴⁵ Í lok umsagnar um tónleikana, sagði Bjarni Guðmundsson: „Söngskemmtunin var til sóma..., svo flott sem hún er á pallinum, æskuprúð og glitrandi af hæfileikum. En það verður gaman að heyra til hennar eftir tíu ár, ef hún ber getu og þroska til að stunda nám sitt af þeirri sjálfstjórn og miskunnarleysi, sem listin krefst”.⁴⁶ Það var síðan um haustið 1945 sem Guðrún lagði af stað til Englands með togaranum Forseta. Hún hafði fengið að heyra það heima að hún væri heimsklassa rödd og myndi auðveldlega komast að í námi, hún setti því mikla pressu á sig því fólk ætlaðist til mikils af henni eftir viðtökurnar hér heima. Í London reyndi hún fyrst fyrir sér í Royal Academy of Music en komst ekki þar inn þar sem hún hafði ekki grunn í nótnalestri en hún komst inn í Guildhall School of Music and Drama eftir að hafa þreytt inntökupróf og var þar þrjú ár í námi.⁴⁷ Í framhaldinu fór hún í The English Opera Studio árin 1949 – 1951.⁴⁸ Samhliða þessu sótti hún einnig einkatíma í söng og lærði tungumál samhliða því – ensku, ítölsku, þýsku og frönsku.⁴⁹ Guðrún segir þó í bókinni *Eins og ég er klædd*:

Það er skrítið með þá, sem kenna, að það er eins og þeir tali ekki um það sem máli skiptir, - það er öndunin, sem er frumatriði í söng. Ég fór svo að segja öndunarlaus til námsins úti í Englandi, en samt var ég búin að halda hérna tíu konserta.. Ég man það, að ég átti að syngja þar langa strófu í Intermezzo úr óperunni Cavalleria Rusticana. Ég átti svo erfitt með að halda þessari löngu strófu, af því að ég hélt henni frekar með hálsinum heldur en önduninni⁵⁰

⁴⁴ Helgi Jónsson, „Guðrúnar Á. Símonar (1924-88).

⁴⁵ Gunnar M. Magnússon, *Guðrún Á. Símonar: Eins og ég er klædd*, 46.

⁴⁶ Gunnar M. Magnússon, *Guðrún Á. Símonar: Eins og ég er klædd*, 46.

⁴⁷ Helgi Jónsson, „Guðrúnar Á. Símonar (1924-88).

⁴⁸ Hanna Bjarnadóttir, „Ungar íslenzkar óperusöngkonur.” 30.

⁴⁹ Pétur Sigurðsson, „Söngkonan Guðrún Á. Símonar.” 2.

⁵⁰ Gunnar M. Magnússon, *Guðrún Á. Símonar: Eins og ég er klædd*, 47.

Að námi loknu í Englandi hélt Guðrún til Milánó á Ítalíu⁵¹. Þar lærði hún hjá Madam Carmen Melis, hún var ítölsk óperusöngkona og ein besta verismo söngkona sinnar tíðar.⁵² Guðrún sagði í viðtali við *Ársrit Kvennréttandafélags Íslands*: „Madam Melis var heimsfræg söngkona og söng mikið undir stjórn Puccinis, einnig var hún söngkennari hinnar heimsfrægu söngkonu Renata Tebaldi.”⁵³ Hún segir í bókinni *Eins og ég er klædd*:

Hún var stórmerkileg kona, maður menntaðist bara af því að vera návist hennar – að anda að sér sama lofti og hún. Hún hafði ákaflega góðan píanista. Svo sat hún bara eins og primadonna í sinni dragt, með sitt gráa hár, hlustaði á mig og hann spilaði. Ég verð að viðurkenna, að ég var afskaplega óstyrk fyrir framan þessa miklu primadonnu. Mér fannst ég vera fjarskalega lítil. En þar yfirvann ég marga af mínum complexum.⁵⁴

Hún var þó í skemmri tíma en áætlað var að læra hjá Carmen Melis þar sem sú síðarnefnda veiktist og hætti kennslu. Guðrún var þó í nokkra mánuði til viðbótar í Milánó og lærði hjá Pinu Minonzio sem var góð söngkona á sínum tíma. Á Ítalíu söng Guðrún nokkur óperuhlutverk, meðal annars Mimi í *La Bohème*.⁵⁵ Guðrún kom reglulega heim á meðan námi hennar stóð og hélt hér á landi tónleika við góðar undirtektir.⁵⁶ Árið 1950 var Guðrún fyrst til að halda tónleika í Þjóðleikhúsinu, þá hafði húsið nýlega verið tekið í notkun.⁵⁷ Þar voru meðal gesta Sveinn Björnsson forseti og kona hans, Georgía Björnsson.⁵⁸ Árið 1952 söng Guðrún fyrsta hlutverk sitt á Íslandi, Rosalinde í *Leðurblökunni* eftir J. Strauss í Þjóðleikhúsinu.⁵⁹ Þar sungu með henni Einar Kristjánsson, Sigrún Magnúsdóttir, Ketill Jensson, Lárus Ingólfsson og Elsa Sigfúss.⁶⁰ Victor Urbancic stjórnaði hljómsveitinni, hann var Austurríkismaður sem flúði til Íslands undan nasistum. Hann var doktor í tónvísindum en á Íslandi starfaði hann sem organisti og tónlistarkennari og stjórnaði hljómsveitum og kórum.⁶¹

Guðrún var í hópi frumkvöðla í óperusöng hérlendis. Í þeim hópi má til að mynda nefna Þuríði Pálsdóttur, Magnús Jónsson, Guðmund Jónsson og Kristinn Hallsson. Þuríður Pálsdóttir (f. 1927), sópran, var meðal fremstu söngkvenna hérlendis, hún söng í mörgum

⁵¹ Helgi Jónsson, „Guðrún Á. Símonar (1924-88).”

⁵² Bergþóra Jónsdóttir, „Tilfinningaheit söngstjarna.” *Morgunblaðið*, 24. desember 2003.

⁵³ Hanna Bjarnadóttir, „Ungar íslenzkar óperusöngkonur.” 30.

⁵⁴ Gunnar M. Magnússon, *Guðrún Á. Símonar: Eins og ég er klædd*, 79.

⁵⁵ Höfundur óþekktur, „Guðrún Á. Símonar.” 23. febrúar 2013.

⁵⁶ Helgi Jónsson, „Guðrún Á. Símonar (1924-88).”

⁵⁷ Guðrún Egilsson, „Minnistæðast þegar hún söng fyrir fangana.” 4.

⁵⁸ Gunnar M. Magnússon, *Guðrún Á. Símonar: Eins og ég er klædd*, 69.

⁵⁹ Bergþóra Jónsdóttir, „Blómum rigndi.” 2. nóvember 2003.

⁶⁰ Blaðlaukar, „Óperur og óperettur.” *Morgunblaðið*, 20. apríl 2000

⁶¹ Helgi Jónsson, „Afmælisbörn 9. ágúst 2021.” *Glatkistan* (blogg), 9. ágúst 2021, <https://www.glatkistan.com/2021/08/09/afmaelisborn-9-agust-2021/>.

uppsetningum og kenndi söng í Söngskólanum í Reykjavík í áratugi. Hún lærði söng hjá Sigurði Birkis, fór síðan í framhaldsnám í Royal Academy of Music í London og lærði einnig á Ítalíu.⁶² Magnús Jónsson (1928-2002), tenór, var einn þekktasti söngvari hér á landi. Hann söng við Konunglega leikhúsið í Kaupmannahöfn á sjötta og sjöunda áratug síðustu aldar. Hann lærði fyrst hjá Pétri Á. Jónssyni hérlendis, síðan í Svíþjóð og á Ítalíu. Eftir heimkomu frá Danmörku söng hann lengi hérlendis.⁶³ Guðmundur Jónsson (1920-2007), baritón, lærði fyrst hjá Pétri Á. Jónssyni óperusöngvara. Hann fór síðan í framhaldsnám í Bandaríkjunum, næst lá leiðin í Óperudeild Konunglega Tónlistarskólans í Svíþjóð og þaðan til Vínar í Austurríki. Eftir nám erlendis bauðst honum að starfa við óperuhús í Evrópu en kaus að syngja á Íslandi. Hann var farsæll óperusöngvari á Íslandi og söng hér mörg óperuhlutverk. Hann starfaði lengi sem söngkennari í Söngskólanum í Reykjavík.⁶⁴ Kristinn Hallsson (1926-2007), bassbaritón, lærði söng í London í Royal Academy of Music, honum bauðst atvinnutækifæri í óperuhúsi í London en fékk ekki atvinnuleyfi. Hann kom því heim og starfaði hérlendis. Hann söng í fjölmörgum óperuppfærslum hér heima.⁶⁵

Fyrri hluti söngferils

Guðrún var komin heim til að vera árið 1954 eftir að hafa verið í námi erlendis í níu ár⁶⁶. Um haustið sama ár fór hún í mánaðar tónleikaferð til Danmerkur og Noregs, þar fékk hún góðar viðtökur.⁶⁷ Stjúpfadir hennar átti frumkvæði og skipulagði tónleikaferðina. Hún segir í bókinni *Eins og ég er klædd* „Það er náttúrulega algengt, að söngvarar „debutera” í ýmsum löndum. Þetta er í rauninni eldskírn.”⁶⁸ Á þessum tíma voru Stefán Íslandi og Einar Kristjánsson að syngja við Konunglega leikhúsið í Danmörku.⁶⁹ Söngfræðingurinn Kristian Lange skrifaði umfjöllum í *Dagbladet* á meðan tónleikaferð Guðrúnar stóð í Danmörku og Noregi haustið 1954. Hann var almennt ánægður með söngkonuna en þótti röddin vera hvell

⁶² Helgi Jónsson, „Þuríður Pálsdóttir (1927-).” *Glatkistan* (blogg), 22. ágúst 2017, <https://www.glatkistan.com/2017/08/22/thuridur-palsdottir/>.

⁶³ Helgi Jónsson, „Magnús Jónsson (1928-2002).” *Glatkistan* (blogg), 20. júlí 2019, <https://www.glatkistan.com/2019/07/20/magnus-jonsson-1/>.

⁶⁴ Helgi Jónsson, „Guðmundur Jónsson (1920-2007).” *Glatkistan* (blogg), 6. október 2020, <https://www.glatkistan.com/2020/06/10/gudmundur-jonsson-1/>.

⁶⁵ Höfundur óþekktur, „Andlát: Kristinn Hallsson.” *Morgunblaðið*, 30. júlí 2007.

⁶⁶ Helgi Jónsson, „Guðrún Á. Símonar (1924-88).”

⁶⁷ Guðrún Egilsson, „Minnistæðast þegar hún söng fyrir fangana.” 4.

⁶⁸ Gunnar M. Magnússon, *Guðrún Á. Símonar: Eins og ég er klædd*, 73.

⁶⁹ Gunnar M. Magnússon, *Guðrún Á. Símonar: Eins og ég er klædd*, 74.

á háu tónunum þegar hún söng sterkt.⁷⁰ Þetta rímar við gagnrýni sem Páll Ísólffson skrifaði um hana árið 1950 eftir tónleika í Þjóðleikhúsinu „...Röddin er mikil og glæsileg, mætti að vísu vera mýkri, einkum á háu tónunum, en hún er tindrandi skær og fögur.”⁷¹ Árið 1954 söng hún inn á þrjár plötur með alls sex einsöngslögum sem gefin var út af Íslenskum tónum þar sem Fritz Weisshappel lék með henni á píanó. Plöturnar fengu góðar viðtökur. Um haustið 1954 söng hún í Cavalleria rusticana eftir P. Mascagni í Þjóðleikhúsinu,⁷² þar fór hún með hlutverk Santuzzi.⁷³ Uppfærslan var mikill viðburður í íslensku tónlistarlífi og þóttist takast vel.⁷⁴ Um söng hennar í hlutverki Santuzzi skrifaði Sigurður Grímsson í *Morgunblaðið* árið 1954

Santuzza er mikið hlutverk og erfitt, en Guðrún leysti það af hendi með yfirburðum, að því er söng snertir,... Guðrún hefur mikla og glæsilega sópran rödd... Á efstu nótonum vantar hana nokkuð mýkt, en á öðrum tónum er röddin þægileg og fylling hennar mikil.⁷⁵

Þuríður Pálsdóttir var fremst í flokki söngkvemma á Íslandi ásamt Guðrúnu á sjötta og sjöunda áratugnum.⁷⁶ Þær Guðrún og Þuríður voru ávallt miklar vinkonur, þjuggu saman á námsárum sínum á Ítalíu.⁷⁷ Þuríður segir frá uppfærslunni í ævisögu sinni *Líf mitt og gleði*:

Einu sinni þegar sýning var að hefjast á Cavalleria rusticana, sagði ég við Guðrúnu á leiðinni inn á sviðið, að ég heyrði ekki nógu vel í henni þegar ég ætti að taka við af henni. Hún var langt frá mér á sviðinu í þessu atriði og sneri þar að auki við mér baki. – Nú, segir Guðrún, - ég skal gefa þér tóninn vel. Þegar kom að umræddu atriði, sneri Guðrún sér að mér, en það hafði hún ekki gert áður, og söng svo hátt að mér dauðbrá og byrjaði í fátí á allt öðrum tón... en félagar mínir á sviðinu fengu hláturskast. Guðrúnu tókst að leyna því með því að snúa sér undan og látast vera að gráta.⁷⁸

Þuríður segir frá því í bókinni *Líf mitt og gleði* að þeim hafi alltaf komið vel saman þó þær væru báðar skapmiklar. Þuríði fannst hún dugleg og drífandi og var alveg viss að um að „energi” yrði henni að bana.⁷⁹ Hún segir jafnframt í bókinni:

Guðrún er með sífelldar líkamsæfingar sem hún er að æsa mig upp í að gera líka, því þær séu svo góðar fyrir magavöðvana. Ég geng því um með hryllings harðsperrur í maga og lærum og

⁷⁰ Gunnar M. Magnússon, *Guðrún Á. Símonar: Eins og ég er klædd*, 77.

⁷¹ Eining, „Söngkonan Guðrún Á. Símonar.” *Eining* 8. árgangur, 10. tölublað (1950): 1.

⁷² Helgi Jónsson, „Guðrún Á. Símonar (1924-88).”

⁷³ Bergþóra Jónsdóttir, „Blómum rigndi.” 2. nóvember 2003.

⁷⁴ Gunnar M. Magnússon, *Guðrún Á. Símonar: Eins og ég er klædd*, 91.

⁷⁵ Sigurður Grímsson, „Tvær óperur.” *Morgunblaðið* 41. árgangur, 296. tölublað (1954): 12.

⁷⁶ Helgi Jónsson, „Þuríður Pálsdóttir (1927-).” *Glatkistan* (blogg), 22. ágúst 2017, <https://www.glatkistan.com/2017/08/22/thuridur-palsdottir/>.

⁷⁷ Jónína Michaelsdóttir, *Líf mitt og gleði*, 143.

⁷⁸ Jónína Michaelsdóttir, *Líf mitt og gleði* (Reykjavík: Forlagið, 1986), 150-151.

⁷⁹ Jónína Michaelsdóttir, *Líf mitt og gleði*, 144.

get mig varla hreyft. Svo er hún að æfa sig að detta máttlaus í gólfið, - þú veist að í óperum verður maður alltaf að deyja... Síðasta uppátækið hjá henni er að leggjast á bakið, með útvarpið ofan á maganun og gera öndunaræfingar, - tuttugu sinnum kvölds og morgna.⁸⁰

Tæpu ári eftir sýningar á Cavalleria rusticana söng Guðrún hlutverk Mimi í La Bohème eftir Puccini í Þjóðleikhúsinu.⁸¹ Árið 1955 fór hún í tónleikaferðalag út á landsbyggðina ásamt Guðmundi Jónssyni óperusöngvara, með þeim var hljómsveit á vegum Ríkisútvarpsins. Samstarf hennar með Guðmundi Jónssyni var áberandi á þessum tíma og árið eftir söng hún á nokkrum tónleikum með honum og Karlakór Reykjavíkur.⁸² Hún fór í tónleikaferð til Sovétríkjanna árið 1957.⁸³ Þá hafði hún fengið boð frá menntamálaráðuneyti Rússlands um að koma þangað og halda tónleika.⁸⁴ Hún sagði í viðtali við *Rit Kvenréttindafélags Íslands* árið 1968 „Mér er þetta mjög minnistætt ferðalag. Þá voru ekki komin þessi menningartengsl á milli ríkja, Sovétríkin voru eins og lokuð bók mörgum þjóðum. Ég var fyrsta íslenska listamanneskjan, sem fór þangað, ég held ég megi líka segja, ein af hinum fyrstu vestrænu listamanneskjum.“⁸⁵ Margir höfðu ráðið henni frá því að fara en hún lét það ekki aftra sér.⁸⁶ Ferðin heppnaðist vel, henni var í kjölfarið boðið að koma aftur en hún kaus frekar fara í tónleikaferðalag til Kanada í boði Þjóðræknifélags Íslendinga í Vesturheimi.⁸⁷ Hún kom heim um haustið en hafði þá dvalið um tíma í London, þá tóku við æfingar á Toscu eftir Puccini hér heima.⁸⁸ Óperan var flutt í Þjóðleikhúsinu árið 1957, þar söng hún titilhlutverkið.⁸⁹ Árið 1958 fór hún til Kanada og Bandaríkjanna á vegum Þjóðræknisfélagsins,⁹⁰ þetta varð að þriggja mánaða tónleikaferð þar sem hún söng víða.⁹¹ Í framhaldinu kynntist hún íslenskum manni New York, Garðari Forberg, settist þar að og bjó næstu sjö árin,⁹² þau giftu sig árið 1960. Til að byrja með hélt hún marga tónleika en dró sig síðan í hlé. Þau eignuðust Ludvig Kára Forberg og hún helgaði sig uppeldi lengi vel. Hún átti einnig í einhverjum veikindum og söng því lítið sem ekkert.⁹³ Hún svarar aðspurð í viðtali við *Vikuna* árið 1985 af hverju hún hefði flutt heim frá Bandaríkjunum „Já, maður

⁸⁰ Jónína Michaelsdóttir, *Líf mitt og gleði*, 144.

⁸¹ Bergþóra Jónsdóttir, „Blómum rigndi.“ 2. nóvember 2003.

⁸² Helgi Jónsson, „Guðrún Á. Simonar (1924-88).“

⁸³ Hanna Bjarnadóttir, „Ungar íslenskar óperusöngkonur.“ 31.

⁸⁴ Guðrún Egilsson, „Minnistæðast þegar hún söng fyrir fangana.“ 39.

⁸⁵ Hanna Bjarnadóttir, „Ungar íslenskar óperusöngkonur.“ 30.

⁸⁶ Guðrún Egilsson, „Minnistæðast þegar hún söng fyrir fangana.“ 39.

⁸⁷ Bergþóra Jónsdóttir, „Blómum rigndi.“ 2. nóvember 2003.

⁸⁸ Helgi Jónsson, „Guðrún Á. Simonar (1924-88).“

⁸⁹ Guðrún Egilsson, „Minnistæðast þegar hún söng fyrir fangana.“ 40.

⁹⁰ Guðrún Egilsson, „Minnistæðast þegar hún söng fyrir fangana.“ 39.

⁹¹ Helgi Jónsson, „Guðrún Á. Simonar (1924-88).“

⁹² Hanna Bjarnadóttir, „Ungar íslenskar óperusöngkonur.“ 31.

⁹³ Helgi Jónsson, „Guðrún Á. Simonar (1924-88).“

fór bara. Það er ekkert gaman að hanga í einhverri íbúð í útlöndum með lítið barn. Ert þú alltaf að gera hreint? Svoleiðis var ég, að minnsta kosti eftir að ég giftist. Ég varð mjög mikið ein af þessum sem alltaf voru að ryksjúga.”⁹⁴ Guðrún söng ekki í þrjú ár eftir að hafa eignast soninn. Hún skildi við eiginmann sinn á meðan hún bjó úti og var því ein með barn fjarri fjölskyldu og vinum. Hún sagði frá því í sama viðtali að hún hafi lengi til verið feimin „Ég fór að verða kjaftfor þegar ég kom frá Ameríku. Ég lærði nefnilega í Ameríku að svara fyrir mig. Ég sem var svo feimin og uppburðalaus og alltaf viss að fólk þætti ég bjáni.”⁹⁵ Á búsetuárum hennar í Bandaríkjunum heillaðist hún af Síamsköttum,⁹⁶ og fór að rækta þá og aflaði þannig tekna um tíma.⁹⁷ Auk þess sýndi hún kettina undir nafninu „Simonetta’s Cattery” og vann fjölda verðlauna.⁹⁸ Guðrún segir frá kattaáhuganum í bókinni *Eins og ég er klædd*:

Það er engin gróðalind að hreinrækta Síamsketti, það er mikil vinna og kostar mikið stúdíum. Maður verður að fylgjast með nýjungum, lesa sér stöðugt til, og úti verður maður að fara á kattasýningar til að læra að þekkja réttan staðal. En þetta er mitt hobbí.⁹⁹

Kattaáhuginn átti eftir að hafa mikil áhrif á líf hennar síðar meir. Árið 1959 kom út fjögurra laga plata með söng Guðrúnar, *Mánaskin*, hún var gefin út af Íslenskum tónum, það var síðasta platan sem kom út um árabíl, hún gaf engar plötur út á búsetuárum sínum í Bandaríkjunum. Á næstu árum söng hún sjaldan opinberlega, um miðjan sjöunda áratuginn flutti hún aftur til Íslands og var þá fráskilin, einstæð móðir.¹⁰⁰

Seinni hluti söngferils

Þegar hér er komið sögu hafði Guðrún lítið sungið í fimm ár. Það leið tími þar til hún endurheimti stöðu sína eftir langa fjarveru, hún fór hægt af stað, söng á kosningafundum, skemmtunum og samkomum.¹⁰¹ Eftir skilnaðinn og búsetuna í Bandaríkjunum var hún ákveðnari og beinskeyttari en áður og lá ekki á skoðunum sínum.¹⁰² Á þessu tímabili varð

⁹⁴ Sigríður Halldórsdóttir, „Guðrún er svo sem ágætt nafn.” *Vikan* 47. árgangur, 45. tölublað (1985): 17.

⁹⁵ Sigríður Halldórsdóttir, „Guðrún er svo sem ágætt nafn.” 17.

⁹⁶ Helgi Jónsson, „Guðrún Á. Símonar (1924-88).”

⁹⁷ Bergþóra Jónsdóttir, „Blómum rigndi.” 2. nóvember 2003.

⁹⁸ Bergþóra Jónsdóttir, „Tilfinningaheit söngstjarna.”

⁹⁹ Gunnar M. Magnússon, *Guðrún Á. Símonar: Eins og ég er klædd*, 15.

¹⁰⁰ Helgi Jónsson, „Guðrún Á. Símonar (1924-88).”

¹⁰¹ Helgi Jónsson, „Guðrún Á. Símonar (1924-88).”

¹⁰² Kolbrún Bergþórsdóttir, „Guðrún og kettirnir.” *Morgunblaðið*, 5. mars 2012.

hún einnig eftirsótt sem skemmtikraftur.¹⁰³ Dagur Þorleifsson skrifaði um Guðrúnu í *Vikunni* árið 1972:

Guðrún Á. Símonar er ekki einungis þekkt sem ein af okkar bestu söngkonum, heldur og sem snjall skemmtikraftur í almennri merkingu orðsins og atkvæðamikill og litríkur persónleiki. Hún hefur bæði kunnað vel að koma fyrir sig orði og ekki farið í launkofa með það, sem henni hefur legið á hjarta.¹⁰⁴

Guðrún var ein af fyrstu kennurum Söngskólans í Reykjavík sem var stofnaður árið 1973, þar kenndu með henni til dæmis Þuríður Pálsdóttir, Kristinn Hallsson, Þorsteinn Hammerson, Rut Magnússon og Nanna Björnsson.¹⁰⁵ Guðrún var ein þeirra sem gagnrýndi Guðlaug Rósinkranz þjóðleikhússtjóra fyrir að ráða eiginkonu sína, Sigurlaugu Rósinkranz í hlutverk Greifynjunnar í Brúðkaupi Fígarós sem var sett upp í Þjóðleikhúsinu árið 1969. Guðrúnu fannst hún vera sett hjá og birti gagnrýni í *Alþýðublaðinu* í byrjun árs 1970:

Já, frúin er falleg kona og mittisgrönn, en það er ekki nóg... Sigurlaug hefur litla rödd, sem flýtur mjög stutt, hún beitir henni af vankunnáttu, öndun er mjög slæm og engin tónfylling eða stuðningur... ítalskan er mjög slæm, frúin skildi heldur ekki hvað var að ske í kringum hana.¹⁰⁶

Sigurlaug Rósinkranz var fyrrum nemandi Guðrúnar, Sigurlaug hafði einnig lært hjá Stefáni Íslandi. Seinna fór hún í frekara nám til Austurríkis og Svíþjóðar.¹⁰⁷ Guðrún hafði áður sagt í viðtali við *Einingu* árið 1961 um Guðlaug þjóðleikhússtjóra:

Svo er maður kannski af náð beðinn af Guðlaugi Rósinkranz að syngja í Þjóðleikhúsinu, en þá máttu ekki vera of feit, skilurðu, hann er alltaf með málbandið með sér. Ég á því ekki upp á háborðið hjá honum, því ég er ein af þessum sem hleyp til og frá í holdum.¹⁰⁸

Guðlaugur Rósinkranz var Þjóðleikhústjóri árin 1949-1973.¹⁰⁹ Árið 1970 kom Guðrún fram sem einsöngvari með Karlakór Reykjavíkur og einnig á Listahátíð í Reykjavík sem var haldin í fyrsta skiptið það árið. Árið eftir gaf Karlakór Reykjavíkur út plötu með tónlist Sigvalda Kaldalóns, þar söng hún einsöng. Árið 1972 kom út fyrsta breiðskífan með henni, Ríkisútvarpið sá um hljóðritun. Platan bar titilinn *Fjórtán sönglög eftir fjórtán íslensk tónskáld*.¹¹⁰ Það var hins vegar ekki fyrr en árið 1974 sem hún fékk tækifæri til að syngja

¹⁰³ Ríkarður Ö. Pálsson, „Í minningu dívu.“ *Morgunblaðið*, 13. mars 2005.

¹⁰⁴ Dagur Þorleifsson, „Röddin er eins og málverk.“ *Vikan* 34. árgangur, 19. tölublað (1972): 27.

¹⁰⁵ Malín Brand, „Röddin er hljóðfæri sem allir eiga.“ *Morgunblaðið*, 3. október, 2013.

¹⁰⁶ Björn Jón Bragason, „Já, frúin er falleg kona og mittisgrönn, en...“ *DV* 105. árgangur, 15. tölublað (2015): 22.

¹⁰⁷ Björn Jón Bragason, „Já, frúin er falleg kona og mittisgrönn, en...“ 22.

¹⁰⁸ DP., „Tvær óperusöngkonur.“ *Eining* 19. árgangur, 3. tölublað (1961): 41.

¹⁰⁹ Höfundur óþekktur, „Guðlaugur Rósinkranz.“ Merkir Íslendingar, *Morgunblaðið*, 11. febrúar 2013, <http://www.mbl.is/greinasafn/grein/1454575/>.

¹¹⁰ Helgi Jónsson, „Guðrún Á. Símonar (1924-88).“

óperuhlutverk eftir heimkomu frá Bandaríkjunum, hún söng hlutverk Freyju í Þrymskviðu eftir Jón Ásgeirsson í Þjóðleikhúsinu og það var Jón sjálfur sem stjórnaði hljómsveitinni. Það var síðasta hlutverkið sem hún söng á sviði.¹¹¹ Árið 1975 kom út jólaplata með henni ásamt Guðmundi Jónssyni. Þar sungu þau tólf erlend jólalög með íslenskum texta.¹¹² Í tilefni af fjörutíu ára söngafmæli Guðrúnar árið 1979 hélt hún kvöldskemmtun í Háskólabíó sem bar yfirskriftina *Kvöldskemmtun með Guðrúnu Á. og kompaný í léttum dúr og moll*. Þar flutti hún létt lög, íslensk og erlend, dægurlög og söngleikjalög. Meðal flytjenda ásamt Guðrúnu voru Guðmundur Jónsson, Þuríður Pálsdóttir, Magnús Jónsson, Kristín Sædal, Guðrún Kristinsdóttir, Árni Elvar, Árni Johnsen og Kór Söngskólans í Reykjavík. Á sviðinu með henni voru einnig nokkrir af köttum Guðrúnar og tveir hundar. Í lokalaginu söng hún umkringd kórnum, hundum og köttum. Á milli laga léku nokkrir af köttum hennar listir sínar.¹¹³ Á blaðamannafundi sem Guðrún hélt í aðdraganda tónleikanna sagði hún að á kvöldskemmtuninni myndi hún hafa tískusýningu fyrir feitt fólk: „Ég verð tískusýningadaman og kem fram í fjórum til fimm mismunandi kjólum og skipti líka um hárkollu. Ég ætla að vera svolítið smart.“¹¹⁴ Í viðtali við *Vísi* í aðdraganda tónleikanna sagði hún um mögulega mætingu: „Ég vona að svo margir komi að þetta geti orðið nokkur „show“. En það verður bara að koma í ljós en ég hef aldrei þurft að hafa áhyggjur af að fólk komi ekki þegar ég treð upp.“¹¹⁵ Tónleikarnir voru endurteknir og urðu alls fimm talsins.¹¹⁶ Árið 1981 var gefin út tvöföld safnplata, *Endurminningar úr óperum*. Þar sungu Guðrún og Þuríður Pálsdóttir aríur, upptökurnar voru frá Ríkisútvarpinu frá árunum 1950-1970.¹¹⁷ Sama ár var hún sæmd Riddarakrossinum, íslensku fálkaorðunni fyrir störf sín og framlag sitt til íslensks menningar- og listalífs.¹¹⁸

¹¹¹ Guðjón Ólafsson, „Þrymskviða færirst í aukana: Guðrún Á syngur Freyju.“ *Morgunblaðið* 61. árgangur, 88. tölublað (1974): 7.

¹¹² Bergþóra Jónsdóttir, „Tilfinningaheit söngstjarna.“

¹¹³ Höfundur óþekktur, „Kvöldskemmtun með Guðrúnu Á. og kompaný í léttum dúr og moll.“ *Morgunblaðið* 66. árgangur, 123. tölublað (1979): 15.

¹¹⁴ Höfundur óþekktur, „Kvöldskemmtun með Guðrúnu Á. og kompaný í léttum dúr og moll.“ 15.

¹¹⁵ Sigurveig Jónsdóttir, „Ég læt allt fjúka.“ *Vísir* 69. árgangur, 117. tölublað (1979): 4.

¹¹⁶ Helgi Jónsson, „Guðrún Á. Símonar (1924-88).“

¹¹⁷ Árni Johnsen, „Í hópi eldfjalla íslenska tónlistarlífs.“ *Morgunblaðið* 68. árgangur 276. tölublað (1981): 25

¹¹⁸ Helgi Jónsson, „Guðrún Á. Símonar (1924-88).“

Seinni ár

Eftir 1980 fór hún að koma sjaldnar fram á sviði. Upp úr 1974 fór hún að veikjast af sykursýki og var þarna orðin frekar heilsulaus,¹¹⁹ samneytið við kettina bætti heldur ekki úr skák.¹²⁰ Árið 1984 missti hún leiguhúsnæðið sitt og var útvegað hús af Reykjavíkurborg í Blesugrófinni, húsið var gamalt og hálfónýtt.¹²¹ Húsinu er lýst af blaðamanni í grein í *DV* árið 1984: „Hin nýju húsakynni Guðrúnar í Blesugrófinni eru ákaflega óvistleg. Sprungur og göt í veggjum, gólfteppi óhrein og leiðslur í baðherbergi hriplekar.”¹²² Ári seinna var hún komin í húsnæði við Hverfisgötuna sem var ekki mikið skárta, blaðamaður hjá *Vikunni* lýsti húsakynnunum: „Guðrún býr ekki á dæmigerða íslenska vísu. Hún býr í eldgömlu timburhúsi við Hverfisgötu sem manni sýnist hvorki halda vatni eða vindi. Verið málað um það leyti sem málningin var fundin upp.”¹²³ Fáir vildu leigja henni húsnæði með alla kettina, hún átti milli fjörutíu til fimmtíu ketti og tvo hunda þegar mest var.¹²⁴ Guðrún segir frá því í viðtali árið 1985 að hún væri að glíma við þunglyndi, hafi einangrað sig því hún vildi ekki bjóða fólki í sín slæmu húsakynni og treysti sér lítið út úr húsi.¹²⁵ Í viðtali árið 1984 sagði hún: „Í fyrsta skipti á lífsleiðinni hefur það hvarflað að mér að losa mig við elsku dýrin mín til þess að þóknast þessum háu herrum sem útvega fólki húsnæði. En ég er hætt við það, frekar fer ég sjálf yfir móðuna miklu.”¹²⁶ Guðrún hafði orð á því á 64. afmælisdeginum sínum þann 24. febrúar 1988 að afmælisdagarnir yrðu ef til vill ekki fleiri,¹²⁷ hún reyndist sannspá og lést fjórum dögum seinna í Reykjavík 28. febrúar 1988.¹²⁸

¹¹⁹ Sigríður Halldórsdóttir, „Guðrún er svo sem ágætt nafn.” 17.

¹²⁰ Helgi Jónsson, „Guðrún Á. Símonar (1924-88).”

¹²¹ EIR., „Frem frekar sjálfsmorð frekar en að láta dýrin frá mér.” *DV* 10. árgangur, 105. tölublað (1984): 1.

¹²² EIR., „Frem frekar sjálfsmorð frekar en að láta dýrin frá mér.” 1.

¹²³ Sigríður Halldórsdóttir, „Guðrún er svo sem ágætt nafn.” 17.

¹²⁴ Helgi Jónsson, „Guðrún Á. Símonar (1924-88).”

¹²⁵ Sigríður Halldórsdóttir, „Guðrún er svo sem ágætt nafn.” 19.

¹²⁶ EIR., „Frem frekar sjálfsmorð frekar en að láta dýrin frá mér.” 1.

¹²⁷ Unnur Þórðardóttir, „Guðrún Á. Símonar óperusöngkona – Minnig.” *Morgunblaðið*, 9. mars 1988.

¹²⁸ Höfundur óþekktur, „Guðrún Á. Símonar.” 23. febrúar 2013.

Niðurlag

Guðrún ólst upp á söngelsku heimili og þar er fræjunum líkast til sáð þó svo að söngáhuginn hafi ekki komið fram fyrr en seinna. Margt hefur breyst í söngumhverfinu frá því Guðrún var að hefja söngnám. Núna er algengast að nemendur hafi verið í klassísku söngnámi í fimm til sjö ár hérlendis áður en haldið er út í framhaldsnám. En á þeim tíma sem Guðrún var að læra voru engir söngskólar hér á landi heldur hægt að fara í einkatíma til söngkennara og meðleikara. Nemendur héldu því í framhaldsnám erlendis eftir skemmri námstíma, Guðrún eftir eitt ár og Þuríður Pálsdóttir eftir tvö ár, svo dæmi séu nefnd. Áhuginn á klassískum söng var mikill hér áður fyrr og aðsókn á viðburði í takt við það, en á sama tíma var framboðið af tónleikum og annarri afþreyingu talsvert minni. Eftirvæntingin og aðsóknin á tónleikaröðina hennar Guðrúnar í Gamla bíói árið 1945 áður en hún hélt út í nám var til að mynda slík að uppselt var á fimm tónleika. Guðmundur Jónsson gerði gott betur tveimur árum seinna, hann hélt þrettán einsöngstónleika ásamt Fritz Weishappel og var uppselt á þá alla. Það er ólíklegt að nokkuð þvíumlíkt myndi gerast í dag, eflaust þætti vel ásættanlegt að fylla Gamla bíó einu sinni. Blaðamannafundir sambærilegir þeim sem Guðrún hélt þekkjust heldur ekki í dag hérlendis, sömu söguna er að segja erlendis þó um heimsfræga söngvara væri að ræða. Söngumhverfi söngvaranna hefur eflaust verið spennandi og skemmtilegt, Þjóðleikhúsið var tekið í notkun árið 1950 og þar voru reglulega vel sóttar óperusýningar. Óperan var einnig listform sem var tiltölulega nýtt hérlendis. Sömuleiðis voru tónleikar vel sóttir, áhugi mikill og eftirvænting er áberandi þegar blaða- og tímaritsgreinar eru skoðaðar. Guðrún átti farsælan feril á Íslandi, en það hefur eflaust verið erfitt að flytja heim frá Bandaríkjunum og fá ekki lengur sömu tækifærin og áður á óperusviðinu, hún brást ekki vel við því að vera hjásett í hlutverki Greifynjunnar og sýndi á sér verri hliðar þegar hún skrifaði harðorða gagnrýni um söngkonuna sem var valin í hennar stað. Guðrún var um margt sérstök kona, þá sérstaklega þegar hún varð eldri, en fólk hafði gaman að henni. Með árunum lokaði hún sig af, safnaði að sér köttum úr hófi fram sem leiddi til þess að hún endaði í slæmu húsnæði sem bætti ekki heilsuna. Mikið af tíma hennar fór í kattahald og má leiða að því líkum að söngferill hennar hefði verið lengri og farsælli ef ekki hefði verið fyrir óhóflegan kattaáhuga. Guðrún Á. Símonar var fremst í flokki söngkvenna hérlendis um og upp úr miðri tuttugustu öld og söngur hennar stenst vel samanburð við söngvara dagsins í dag.

Heimildaskrá

- Árni Johnsen, „Í hópi eldfjalla íslenska tónlistarlífs.“ *Morgunblaðið* 68. árgangur, 276. tölublað (1981): 25.
- Bergþóra Jónsdóttir, „Blómum rigndi.“ *Morgunblaðið*, 2. nóvember 2003.
- Bergþóra Jónsdóttir, „Tilfinningaheit söngstjarna.“ *Morgunblaðið*, 24. desember 2003.
- Bjarki Sveinbjörnsson. *Musik* (blogg). <https://www.musik.is/>.
- Björn Jón Bragason, „Já, frúin er falleg og kona og mittisgrönn, en...“ *DV* 105. árgangur, 15. tölublað (2015): 22.
- Blaðlaukar, „Óperur og óperettur.“ *Morgunblaðið*, 20. apríl 2000
- Dagur Þorleifsson, „Röddin er eins og Málverk.“ *Vikan* 34. árgangur, 19. tölublað (1973): 27-29, 41.
- DÞ., „Tvær óperusöngkonur.“ *Eining* 19. árgangur, 3. tölublað (1961): 40-41.
- Eining, „Söngkonan Guðrún Á. Símonar.“ *Eining* 8. árgangur, 10. tölublað (1950): 1.
- EIR., „Frem frekar sjálfsmorð frekar en að láta dýrin frá mér.“ *DV* 10. árgangur, 105. tölublað (1984): 1.
- Gunnar M. Magnússon. *Guðrún Á. Símonar: Eins og ég er klædd*. Akureyri: Bókaförlag Odds Björnssonar, 1973.
- Guðjón Ólafsson, „Þrymskviða færast í aukana: Guðrún Á syngur Freyju.“ *Morgunblaðið* 61. árgangur, 88. tölublað (1974): 7.
- Guðrún Egilson, „Minnisstæðast þegar hún söng fyrir fangana.“ *Vikan* 27. árgangur, 37. tölublað (1965): 4, 39-41.
- Hanna Bjarnadóttir, „Ungar Íslenskar óperusöngkonur.“ *Rit Kvenréttindafélags Íslands* 18. árgangur (1951): 26-31.
- Helgi Jónsson. *Glatkistan* (blogg). <https://www.glatkistan.com/>.
- Höfundur óþekktur, „Andlát: Kristinn Hallsson.“ *Morgunblaðið*, 30. júlí 2007.

- Höfundur óþekktur, „Guðlaugur Rósinkranz.” Merkir Íslendingar. *Morgunblaðið*, 11. febrúar 2013, <https://www.mbl.is/greinasafn/grein/1454575/>.
- Höfundur óþekktur, „Guðrún Á. Símonar.” Merkir Íslendingar. *Morgunblaðið*, 23. febrúar 2013, <https://www.mbl.is/greinasafn/grein/1456189/>.
- Höfundur óþekktur, „Kvöldskemmtun með Guðrúnu Á. og kompaný í léttum dúr og moll.” *Morgunblaðið* 66. árgangur, 123. tölublað (1979): 15.
- Jónína Michaelsdóttir. *Minningar Þuríðar Pálsdóttur söngkonu*. Reykjavík: Forlagið, 1986.
- Kolbrún Bergþórsdóttir, „Guðrún og kettirnir.” *Morgunblaðið*, 5. mars 2012.
- Malín Brand, „Röddin er hljóðfæri sem allir eiga.” *Morgunblaðið*, 3. október 2013.
- ÓJ&K. „Framúrskarandi fyrirtæki í meira en heila öld.” Sótt 5. apríl 2022. <https://ojk.is/um-okkur/sagan/>.
- Pétur Sigurðsson, „Söngkonan Guðrún Á. Símonar.” *Eining* 6. árgangur, 11. tölublað (1948): 2.
- Ríkarður Ó. Pálson, „Í minningu dívu.” *Morgunblaðið*, 13. mars 2005.
- Sigurður Grímsson, „Tvær óperur.” *Morgunblaðið* 41. árgangur, 296. tölublað (1954): 12.
- Sigríður Halldórsdóttir, „Guðrún er svo sem ágætt nafn.” *Vikan* 47. árgangur, 45. tölublað (1985): 17-19.
- Sigurveig Jónsdóttir, „Ég læt allt fjúka.” *Vísir* 69. árgangur, 117. tölublað (1979): 4-5.
- Unnur Þórðardóttir, „Guðrún Á. Símonar óperusöngkona – Minning.” *Morgunblaðið*, 9. mars 1988.